



RioTinto

Samningur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og Rio Tinto á Íslandi

Rio Tinto á Íslandi hf. kt. 680466-0179 og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) kt. 670169-0229 gera með sér eftirfarandi samning sem fjallar um hvers kyns merkingar á íþróttabúningum, vefsíðum, reikningum hjá íþróttafélögum innan ÍBH. Einnig tekur samningurinn til auglýsinga í íþróttamannvirkjum á vegum ÍBH.

Þessi samningur er gerður annars vegar á grundvelli þríhliða samnings milli ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar um framlag til eflingar íþróttastarfs yngri en 18 ára iðkenda íþróttafélaganna í Hafnarfirði og hins vegar á grundvelli þess samstarfssamnings milli Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH sem í gildi er á hverjum tíma.

1. gr.

Um greiðslur til ÍBH vegna þessa samnings er fjallað um í þríhliðasamningi ÍBH, Rio Tinto á Íslandi og Hafnarfjarðarbæjar sem undirritaður var 27.12.2017. Rio Tinto skal á Íslandi greiða ÍBH 60% af styrknum fyrir 1. júní og 40% af styrknum fyrir 31. desember. Ekki er um frekari greiðslur frá Rio Tinto til ÍBH vegna þessa samnings umfram það sem kemur fram í honum. Einstaka greiðslur eru þó til einstakra félaga frá Rio Tinto sbr. 2 gr. og 3. gr. hér að neðan.

2. gr.

Rio Tinto á Íslandi hf styrkir hvert félag um kr. 100 á skilgreindan iðkanda samkvæmt samningi vegna kostnaðar við setningu Rio Tinto merkisins á keppnisbúninga iðkenda.

3. gr.

Ákveðið hefur verið að greiða kostnað vegna 50 stuttermabola, merкта fyrirtækinu, ÍBH og Unglingalandsmótinu fyrir keppendur ÍBH í setningarathöfn Unglingalandsmóts UMFÍ árlega.

4. gr.

Tryggja skal að fulltrúi Rio Tinto á Íslandi komi að afhendingu styrkja til íþróttafélaganna samkvæmt samkomulagi ár hvert.

5. gr.

Íþróttafélög sem njóta styrkja skv. þríhliða samningi ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar skulu samkvæmt samningi þessum:

- á vefsíðu sinni birta fyrirtækismerki Rio Tinto og setninguna “*Rio Tinto á Íslandi styður barna- og unglíngastarf < nafn félags >.*”
- á bréfsefni sínu birta fyrirtækismerki Rio Tinto og setninguna “*Rio Tinto á Íslandi styður barna- og unglíngastarf < nafn félags >.*”
- á öllu kynningarefni sem varðar barna- og unglíngastarf félagsins, t.d. bæklingum og auglýsingum, birta fyrirtækismerki Rio Tinto og setninguna “*Rio Tinto á Íslandi styður barna- og unglíngastarf < nafn félags >.*”

Til viðbótar ofangreindu gerir Rio Tinto á Íslandi eftirfarandi kröfur til tiltekinna félaga:

Knattspyrnufélagið Haukar

- Allir keppnisbúningar fyrir yngri en 18 ára skulu merktir með fyrirtækismerki Rio Tinto. Þetta ákvæði gildir þó ekki þar sem óheimilt er að hafa auglýsingar á keppnisbúningum eða slíku verður sannarlega illa við komið. Nákvæm staðsetning á merki skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto á Íslandi.
- Skilti með fyrirtækismerki Rio Tinto og textanum “ Rio Tinto á Íslandi styður barna- og unglíngastarf Hauka” skal sett upp utanhúss að Ásvöllum. Nákvæm staðsetning skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto á Íslandi.
- Skilti með fyrirtækismerki Rio Tinto og textanum “ Rio Tinto á Íslandi styður barna- og unglíngastarf Hauka” skal sett upp í íþróttasal íþróttamiðstöðvarinnar að Ásvöllum. Nákvæm staðsetning skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto á Íslandi.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar

- Allir keppnisbúningar fyrir yngri en 18 ára skulu merktir með fyrirtækismerki Rio Tinto. Þetta ákvæði gildir þó ekki þar sem óheimilt er að hafa auglýsingar á keppnisbúningum eða slíku verður sannarlega illa við komið. Nákvæm staðsetning á merki skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto á Íslandi.
- Skilti með fyrirtækismerki Rio Tinto og textanum “ Rio Tinto á Íslandi styður barna- og unglíngastarf FH” skal sett upp utanhúss við Kaplakrika. Nákvæm staðsetning skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto á Íslandi.
- Skilti með fyrirtækismerki Rio Tinto og textanum “ Rio Tinto á Íslandi styður barna- og unglíngastarf FH” skal sett upp í íþróttasal íþróttahússins í Kaplakrika. Nákvæm staðsetning skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto á Íslandi.

Fimleikafélagið Björk

- Skilti með fyrirtækismerki Rio Tinto skal haft uppi í aðalsal Bjarkarhússins við Haukahraun.
- Fyrirtækjafánur Rio Tinto skal flaggað utanhúss á almennum fimleikasýningum barna og unglínga, t.d. jólasýningu og vorsýningu.

Golfklúbburinn Keilir

- Skilti með fyrirtækismerki Rio Tinto og textanum “ Rio Tinto á Íslandi styður barna- og unglíngastarf Keilis” skal sett upp í æfingaaðstöðu Keilis.
- Fyrirtækismerki Rio Tinto og textanum “ Rio Tinto á Íslandi styður barna- og unglíngastarf Keilis” skal komið fyrir á upplýstu skilti utan við klúbbhús Keilis við Hvaleyrarvöll.

Sundfélag Hafnarfjarðar

- Æfingabúningar (utanyfirgallar) sem notaðir eru á mótum fyrir yngri en 18 ára skulu merktir með fyrirtækismerki Rio Tinto. Nákvæm staðsetning á merkinu skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto á Íslandi.

- Á hverju ári skal haldið sundmót fyrir börn unglunga sem tileinkað er fyrirtækinu. Mótið skal heita Rio Tinto-mótið og skal tryggt að fulltrúi Rio Tinto veiti verðlaun á mótinu.

Hestamannafélagið Sörli

- Fyrirtækjafánur Rio Tinto skal flaggað utanhúss á öllum sýningum og mótum barna og unglunga.

Siglingaklúbburinn Þytur

- Fyrirtækjafánur Rio Tinto skal flaggað utanhúss á öllum sýningum og mótum barna og unglunga.

Dansípróttafélag Hafnarfjarðar

- Fyrirtækjafánur Rio Tinto skal flaggað utanhúss á öllum sýningum og mótum barna og unglunga.
- Á hverju ári skal haldin danskeppni fyrir börn / unglunga sem tileinkuð er fyrirtækinu. Keppnin skal heita Rio Tinto-keppnin og skal tryggt að fulltrúi Rio Tinto veiti verðlaun og að fánur fyrirtækisins verði flaggað.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar

- Keppnistreyjur allra barna og unglunga sem keppa á vegum Badmintonfélags Hafnarfjarðar skulu merktar með fyrirtækismerki Rio Tinto. Nákvæm staðsetning á merkinu skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto á Íslandi.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar

- Fyrirtækjafánur Rio Tinto skal flaggað utanhúss á öllum sýningum og mótum barna og unglunga.

Brettafélag Hafnarfjarðar

- Fyrirtækjafánur Rio Tinto skal flaggað utanhúss á öllum sýningum og mótum barna og unglunga.

Íþróttafélagið Fjörður

- Æfingabúningar (utanyfirgallar) sem notaðir eru á mótum fyrir yngri en 18 ára skulu merktir með fyrirtækismerki Rio Tinto. Nákvæm staðsetning á merkinu skal ákveðin í samráði við fulltrúa Rio Tinto á Íslandi

6. gr.

Félögin sjálf sjá um að láta merkja fatnað og bera þann kostnað sem af því kann að hljóta en njóta þó til þess fjárstuðnings frá fyrirtækinu samanber 2. grein hér að ofan. Félögin bera einnig allan kostnað sem kann að hljóta af þeim almennu ákvæðum sem þau þurfa öll að uppfylla. Rio Tinto á Íslandi ber kostnað af öðrum merkingum eða atburðum sem krafa er gerð um í samningi þessum, nema annað sé tekið fram.

7. gr.

Merkingar skulu taka mið af reglum sem gilda um fyrirtækismerki Rio Tinto en upplýsingar um þær er að finna á vefsíðu fyrirtækisins, www.riotinto.is og hjá upplýsingafulltrúa fyrirtækisins.

8. gr.

Fyrirtækismerki Rio Tinto á Íslandi skal komið fyrir í íþróttamannvirkjum bæjarins þar sem því verður komið við, á stað sem málsaðilar eru sammála um.

1. Umsóknnum um styrkveitingar skulu fylgja gögn sem sýna að viðkomandi aðildarfélag ÍBH hafi uppfyllt skilyrði þessa samnings um ofangreindar merkingar. Hafi skilyrðin ekki verið uppfyllt getur það komið niður á styrkveitingu til viðkomandi félags og önnur njóta góðs af.
2. Aðildarfélög ÍBH sem njóta styrkja samkvæmt þessum samningi skulu a.m.k. einu sinni á ári leitast við að upplýsa skilmerkilega alla aðila sem gegna ábyrgðarstöðum fyrir félögin og einstakar deildir þess um upphæð þess styrks sem viðkomandi félag nýtur frá fyrirtækinu.

9. gr.

Samningur þessi er ekki uppseigjanlegur og byggir gildi hans á gildi þríhliða samnings ÍBH, Riot Tinto á Íslandi og Hafnarfjarðarbæjar.

10. gr.

ÍBH skuldbindur sig til að veita upplýsingum til félagsmanna sinna þar sem fram kemur styrkveiting Rio Tinto. Það er að foreldrar í Hafnarfirði viti af því að Rio Tinto á Íslandi greiði styrki til ÍBH sem leiði til lægri þátttökugjalda iðkenda.

11. gr.

Vegna mögulegra breytinga á eignarhaldi Rio Tinto á Íslandi, sem kynnt var opinberlega 6. september sl. er ákvæðum þessa samnings sem fjalla um merkingar á búningum, fánum og öðru auglýsingatengdu efni frestað þar til lokaniðurstaða fæst, þó eigið síðar en 1. apríl 2018. Verði nafni eða merki fyrirtækisins breytt munu ákvæði þessa samnings taka breytingum í samræmi við það.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum. ÍBH og Rio Tinto á Íslandi halda hvert um sig einu eintaki.

Hafnarfirði 27. 12.2017

F. h. Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

F. h. Rio Tinto á Íslandi hf.

Vottar að rétttri dagsetningu,
fjárhæð og undirskrift aðila:
